

**Nd. 559. Frumvarp til laga [184. mál]**  
um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. apríl.)

**1. gr.**

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Á árunum 1966—67, að báðum árum meðtöldum, skal greiða  $\frac{1}{2}\%$  viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til húsbyggingar félaganna við Hagatorg í Reykjavík.

Framlaginu skal skipt í réttu hlutfalli við eignarhluta hvors félags í byggingunni. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.